



Höfundur: KRF. 15 nóvember

Kíktu á kvæðin mín.

(frið-finnur yrkir)

Allt á minni könnu.

(frið-finnur yrkir 22 júní 2015)

Veginn sinn gengur. Já götuna sína.
Gatan er honum svo kær.
Úti er veðrið allt stöðugt að hlýna.
Uppi er himininn skær.

Allt við hann leikur og ljósið er yfir
sem leikandi birtir sinn mátt.
Er ekki gaman að Guð himins lifir
og gefi hér mannfólki sátt?

Það segja sumir en aðrir ei skilja
og sjá ekki neitt við það mál.
Þeir eitthvað annað í heiminum vilja
án þess að sjá þar neitt tál.

Hvað get ég aðhafst í málinu annað
en ítrekað Herrann við það?
Flutt góðan boðskap af frelsara hannað
er færir það á réttan stað.

Á jörðinni maður er verkið að vinna.
Verkefnið bíður þér starf.
Sem þó skilja fáir og enn færri sinna
en frelsarinn gaf þeim í arf.

Hvað hyggstu vinur í verklegu gera?
Vinna þó átak sé streð?
Eða sigla undan vindi og veg lífsins þvera,
og vegi þeim loka þar með?

Blind trú?

(frið-finnur yrkir 27 október 2015)

Blind er trúin, trúðu því.
Treystir enda Guði.
Þessu skilja ei allir í
með endalausum suði.

Skal því bara bregðast við
og bera trúnni vitni.
Það ku kenna góðan sig
þó kerla af því hitni.

Trú er góð og gagnleg hér.
Gengur með í degi.
Hún gagnast hefur þér og mér.
Hiklaust það ég segi.

Vil ég skipta sko er nei.
Skrefin eru þessi.
Kristur er mitt fagra fley
og fengur þó að hvesi.

Byrðarnar maður minn.

(frið-finnur yrkir 27 október 2015.)

Mikið er nú erfitt að eiga við hann mig
sem alla daga gengur á við allt á svig.
Hefur svo sem markmið um margt og ekki neitt
en mann samt ekki eftir hverju skal hér breytt.

Sýnist alltént stundum að stærðar háls sé á,
og stærðarinnar klettur sem færa þyrfti frá.
Þá kemur yfir mæða og mikil andleg neyð
og mergsýgur mig innan ef drekk ég þennan seyð.

Hvað er nú til ráða í ráðaleysi hér.
Reynslan segir ekkert og flýr í burt frá mér.
Ég aumur maður vonlaus og vesæll garmur er.
Voðalegar byrðar á herðunum ég ber.

Hvernig væri að aðrir fengju agnar skammt
af öllum þessum burði sem kveður að svo rammt.
Hvar er réttur mannsins sem minnst á mig gaur,
sem margs hefur að minnast en er samt alltaf staur.

Jesú er einn.

(frið-finnur yrkir)

Manninn skaltu engan elta
né allt sem gerir hann
heldur Guðsorð alltaf melta
og eignast friðinn þann.

Það er gæfusporið góða
gefur mikinn arð
og öllum mönnum mikinn gróða
og mikinn fagran garð.

Þegar okkur sorgin sækir
er sáttarhönd oft rétt
Er sem renni ljúfir lækir
sem leikur um oss þétt.

Áfram skal því ljósið lýsa.
Leika hjartað aumt.
Kristur vill sig sjálfan hýsa
Skammta ekki naumt.

Látum Orðið áfram hljóma
og eiga í manni stað.
Kveðum ei upp neina dóma,
eins og Jesú það.

Segjum "Lífið núna lifir
og líkar ofsa vel.
Það fleytir okkur öllum yfir
erfiðleika og hel."

Lífsins ganga

(frið-finnur yrkir)

Einu sinn á sjó á ég var
og sigldi um höfin bláu.
Gekk á ýmsu eins og bar
á öldum sumum háu.

Þá gekk lítið vol og víl
í vinnutörnum stífum.
Lærði þar minn lista stíl
að laga bit í hnífum.

Stundum var einn upp á kannt
með alla sér á móti
Fáir létu sér um annt
og öttu að sínu spjóti.

Svo á milli lognið ljúft
lék um mannskap allan.
Vék af svæði vont og hrjúft
og vert að laga hallann.

Svona leikur lífið sér.
Það leggur sína þræði.
Eitt sem ég hef eignað mér
er andlegt Guðlegt flæði.

Kirkjan góður kostur er.
Kristur er það líka.
Allan heiður herrann ber.
Hann gerir okkur ríka.

Nýsköpunin kom! - Og hún fór!
(frið- finnur yrkir 21 júní 2015.)

Nú þeir eru allir farnir.
Eftir þeim er samt spurt.
Rekja úr mönnum gömlum garnir.
Gamall tími er farinn burt.

Nýsköpunin nýttist manni.
Nýir tímar sigldu inn.
Ekki var það gert í ganni.
Gerðir til að strjúka um kinn.

Mikil hasar varð í veiðum.
Voða mikið kom í land.
Gerði menn að bökum breiðum.
Bæjarlífið komst í stand.

Fór að kreppa kuldinn mætti.
Karlur horfðu síldar til,
sem núna nýsköpunina grætti.
Hún nuddar tár í sínum byl.

Tímans rás ei engin stoppar.
Enn er hringrásin með oss.
Hana bara Herrann toppar.
Herrann er vor mikli foss.

Saman á 17 júní.

(frið- finnur yrkir. 17 júní 2015)

Á sautjándá júní þá samgleðjumst við.
Syngjum í hjartanu lögin
sem þjóðin sjálf samdi og að eigin sið.
Sumpart þar lögð voru drögin.

Samstarfið blífir og baráttan vinnst
blóðs án og sannleika vafið.
Þannig mun þjóðin já áfram fá kynnst.
Þykja og hitt allt er grafið.

Leikum og fögnum þá fegurð má sjá.
Fengsemi landsins er okkar.
Saman við erum og ei myndast gjá.
og engir til marklofnir flokkar.

Fólkið er landið og þjóðin er þar.
Þakklætið býr allt í hjarta.
Köld voru árin sem eymdin hér var
Ekki skal henni á ný skarta.

Sá "Græni" GK 346

(frið-finnur yrkir 22 júní 2015)

Sá "Græni" við bryggjuna bíður
í blíðunni Firðinum í.
Þarna onum ósköp vel líður
Einhver nú hoppar í frí.

Úr lest er landaður afli,
og lánið kemur hér við.
Fiskur var hans helsti kafli.
Heppnina gerði að sið.

Hann eiga margir í minni,
er maðurinn skoðar sitt starf.
Við hann já komust í kynni.
Með krókloppnar fingur í arf.

Glæstur og góður var tími.
Gjöfull og allt saman það.
Þó engin þá væri farsími,
þekktu menn hvers annars stað.

Svo leið og beið bróðir kæri.
Blíðudag einn sigldi frá.
Sá "Græni" er gengin úr færi.
Gimsteinn sem minningin á.

Tíminn víst tekur frá okkur
takið sem eitt sinn var á.
Ástæðan var einnig nokkur.
Allt þetta nýja oss hjá.

Stormur hugans.

(frið-finnur yrkir)

Glatað mar að ganga þennan veg.
Gríðarlegar byrðar núna dreg.
Er að sligast slatta þessum af.
Slugsast bara áfram við minn staf.

Hver vill bera byrðar fyrir mig?
Bara til ná sér í eitt stig?
Hvernig má ég henda þyngslum burt?
Hvergi er mitt komið hér á þurrt.

Hver eru ráðin ráðagóður þú,
sem raupar daga og nætur yfir trú?
Maður núna í vol og víli er.
sem vindur fram og aftur síðan ber.

Ekkert er nú gagnið greyi í.
Gengur veginn mitt í eigin gný.
Allir hafa eignast nema sá
sem arkar gamlan veg í leit að já.

Þarna var sem birta birtist mér.
Bræddi sjúka hjartað, dró að sér.
Og fuku allar byrðar bara af
Brátt ég þurfti ekki lengur staf.

Þá sá ég loks að lausnari er til,
sem losar menn og konur, færir yl.
Og byrðar af þeim tekur fyrir trú
Ég treysti bara Jesú hér og nú.

Stöku- korn

(frið-finnur yrkir
22 ágúst 2015)

Með Drottins letri.

Góður dagur nú gengur mér með.
Getur hann verið neitt betri?
Gjafir þær Guðlegu á mig ég hleð
Geri með vors Drottins letri.

Hólpín ég er.

Blóð Jesú hylur og hreinsar af syndinni
og hólpín ég gerðist af tæru lindinni.
Ég þetta sá sjálfur á fagri myndinni
sem sýndi mér Jesú eitt sinn í fyrndinni.

Stærsta gjöfin.

Gjöfin er stór og stendur á bjargi,
sem stríðin mörgu vinna ekki á.
Ver manninn fyrir já margskonar þvargi,
er miskunnin sjálf fer á stjá.

Ráð föður.

Sonur minn góði já gakkstu á vegi.
Góðilmur Drottins vertu um leið.
Drottni mig sjálfan ég fram fyrir beygi
að farsæld af komi í þinni neyð.

Vegurinn framundan

Brautin er lögð en baráttan eftir.
Brögðótt og allskonar sem ekki sést.
Álíkta má að margt sem að heftir,
og miskunnarleysið sem hafi smá þést

Fólk með markmið.

Bráðum verður gaman því að þá verðum við saman
og þökkum fyrir okkur því við horfðum upp á framan.
Þetta allt vildi ganga því við venskapinn vildum fanga
og vissum að með tímanum næðum við þeim tanga.

Söngfuglinn minn

(Frið-finnur yrkir)

Söngfuglinn minn já syngur mjög vel
og segir allt með þeim hætti
Ljúf er hans lund og allt fuglsins þel.
Lipur hann fólkinu mætti.

Allur hans söngur var sigur og þrá,
að svartnætti allt burtu víki.
Allt saman þetta og meira til má.
Þó mönnum ei sumum það líki.

Syngur á greinum um gleði í borg
og grátin sem er þarna líka.
Svona hann ber bara á voru torg
og blinda menn gerir af ríka.

Svo eina nóttina grýtt greyið var.
Grjót þetta söng fagran lagði.
Allur hans söngur samt fegurð um bar
og sannleikur allur um sagði.

Vaðandi síld.
(frið-finnur yrkir 22 júní 2015.)

Síldartorfan sveimar til og frá
og syndir þarna bátnum rauða hjá.
Hún skoðar alla skrítnu kalla grey
er skoða á móti beint af sínu fley.

Sporðakost og spriklandi er síld.
Sparar varla kraftinn er úthvöld.
Báturinn á hægri ferð um fer.
Fyrirskipun eyru kalla sker.

Nótin rennur burtu bátnum frá.
Brátt er hringur allur kominn á.
Síldartorfan innlyksa öll er.
Ekkert kemst í burt og engin ver.

Snurpun hefst og snúningurinn með.
Snúið mál? Nei allt svoleiðis kveð.
Í nóttinni voru hátt í hundrað tonn.
Í hópi kalla jókst öll aflavon.

Háfurinn í bómu barst í nót.
Barmafullur og sjónin ekki ljót.
Í lestina ei mikið meira fór.
Á manskapnum var ekki nokkurt slór.

Síldartorfa lét í lægri hlut.
Lá nú öll á hillum en nót í skut.
Bátur rauður í blíðu stímdi heim.
Á bryggjunni var tekin höndum tveim.

Vetur kominn.

(frið-finnur yrkir)

Á vetrardegi fyrsta er flott að gera eitt,
fara út í glugga segja varla neitt.
Sig láta bara dreyma um daga marga hér,
sem draumar allir lifðu og gerðu eins og ber.

Þó farið burt sé sumar og alla sína leið,
er sumpart lítil eftirsjá, lífið gaf mér eið.
Hvort snjór og þungi komi er erfitt um að spá.
Allavega snjórinn mun sum af okkur fá.

Og smá er það nú gaman að aka honum í,
og upplifa þá sjálfur að festast eins og blý.
Þó kvikni ekki þarna eitt lítið brot á vör,
var ánægjan til staðar í mest af þeirri för.

Og nú er ball að byrja og líka skella á.
Og bráðum fara skóflur að snjóinn færa frá.
Eykst þá líka fjörið er standi bílar stopp,
og stríð að tarna byrjar og allt það mikla hopp.

Von er viðheldur lífi.

(frið-finnur yrkir)

Blóðið í æðum rennur,
engin sem stöðvar það.
Þegninn á þrá sem brennur,
á þessum dimma stað.

Hver tók frá honum þráanna?
Hver tók í burtu von?
Hver vildi hindra áanna
að hefja upp þennan son?

Já, maður í heimi hefur
heilmikinn rétt í sér.
Lífið sem Guð minn gefur
er glæpur að eyða hér.

Virðing er vinur málið.
Virðing kemur af ást.
Virðingin er oft bálið,
sem alloft vinur þó brást.

Orðið mun alltaf hljóma,
eigna sér menn í trú.
Fellir ei Orðið dóma.
Það elskar og leggur brú.

Örvænting.

(frið-finnur yrkir)

Þegar vonir manna minnka
og mest allt farið er.
Þegar fólk er þreytt að vinka,
þá allavega fer.

Þegar grimmd í heimi hamrar
og hatur blasir við
þegar glamuryrðið glamrar
og gargar nýjan sið.

Þegar allt á tjá og tundri
tekur undir sig
deilir út dauðu glundri
og drepur á vorar dyr.

Þegar fátt er rétt til ráða
þá reiðin sýnir mátt
þá förum fram til dáða
og frelsara lyftum hátt.

Þó vonin virðist engin,
hún vissulega er.
og ekki alveg genginn
Almættið þá að ber.